

3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir, sem getið er í 2. grein er útgáfa vottorðs eða annarrar skjalfestrar yfirlýsingar, sem varðar niðurstöður sýnisins.

4. gr.

Séu gefin út fleiri en eitt vottorð fyrir hvert sýni skal greiða 500 kr. fyrir hvert vottorð.

5. gr.

Heimilt að veita allt að 20% afslátt frá gildandi gjaldskrá yfir þjónustumælingar, sé um að ræða óvenjulega mörg samskonar sýni frá sama aðila og sýnt þykir, að verulegt hagræði sé af því.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. grein skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. grein.

7. gr.

Stofnunin tekur ekki gjald fyrir samningagerð, ýmsa upplýsingamiðlun, aðstoð við minniháttar upplýsingaleit o.s.frv.

8. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxa sbr. 1. gr. gjaldskrárinnar.

9. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og örverurannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, nr. 110/1988.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. febrúar 1989.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

AUGLÝSING

um söluskatt af innfluttum, prentuðum bókum, bæklingum og öðrum þess konar ritum á erlendu máli.

Ráðuneytið hefur ákveðið að hámarksfjárhæð tollverðs af söluskattsfrjálsum innflutningi í tollskrárnúmerum 4901.1009, 4901.9109 og 4901.9909 skuli vera 33 SDR (sérstök dráttar-réttindi).

Niðurfelling söluskatts er bundin því skilyrði að um sé að ræða innflutning til eigin nota og varan sé ekki ætluð til endursölu. Þó tekur niðurfellingin ekki til sýnishorna, heldur fer um söluskatt af þeim samkvæmt leiðbeiningum til tollyfirvalda um tollmeðferð á verðlitlum sýnishornum.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimildum í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með áorðnum breytingum, og tollalögum nr. 55/1987, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1989.

F. h. r.

Lárus Ögmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi o. fl.

1. gr.

	Kr.
Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiddast eftirtalin gjöld:	
a) Umsóknargjald	5.500
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	10.000
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	700
d) Forgangsréttarskjal	1.300

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiddast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	1.000
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	700
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi (allt að 20 síður A4)	1.300

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984 21.000
Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	
a) Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	10.000
b) Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	35.000
c) Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	70.000

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984, og öðlast gildi 15. mars 1989. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 637, 15. desember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.